**Ed. 201. Breytingartillögur [81. mál.]**

við frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin ábyrgist kjötframleiðendum það, sem á kann að vanta, að þeir fái fyrir útflutt kjöt í janúar og febrúarmánuði 1950 það verð, sem lagt er til grundvallar við verðlagningu landbúnaðarafurða á yfirstandandi verðlagsári, sbr. lög nr. 94/1947.
2. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Nú hefur Alþingi ekki fyrir lok febrúarmánaðar 1950 sett löggjöf um lausn rekstrarvandamála bátaútvegsins, og framlengist þá gildi laga þessara þar til slík löggjöf verður sett, þó ekki lengur en til 15. maí 1950, og hækkar þá framlag ríkissjóðs samkv. 5. gr. um kr. 2 500 000.00, en hlutfallslega minna, ef ábyrgðin fellur niður fyrir 15. maí.